

## Tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2006

Rán Þórarinsdóttir



 <b>NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS</b>		<input checked="" type="checkbox"/> Egilsstaðir <input type="checkbox"/> Neskaupstaður
<b>Skýrsla nr:</b> Ónúmeruð	<b>Dags (mánuður, ár):</b> Nóvember 2005	<b>Dreifing:</b> Opin
<b>Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill):</b> Tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2006		<b>Upplag:</b> 7 <b>Síðufjöldi:</b> 18 <b>Fjöldi korta:</b> 0 <b>Fjöldi viðauka:</b> 5
<b>Höfundar:</b> Rán Þórarinsdóttir		
<b>Unnið fyrir:</b> Umhverfisstofnun og Hreindýraráð		
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<p><b>Útdráttur:</b> Tillaga Náttúrustofu Austurlands um heildarveiðikvóta fyrir 2006 eru 909 dýr. Niðurstöður byggja á talningum sem gerðar hafa verið á síðustu tveimur árum. Talningar gefa til kynna að stofnstærðin sé að sniglast upp á við og verður líklega orðin um 4600 dýr næsta sumar. Undanfarin ár hefur stofninn verið milli 3000-4000 dýr og hefur kvótinn miðast við að halda þessari tölu. Undanfarin ár hefur árferði verið óvenju milt og virðist það hafa áhrif á dánartíðni og nýliðun í stofninum svo dýrunum hefur aðeins verið að fjölga. Heildar kvótinn í ár tekur mið af stærra stofni en er annars í sambærilegu hlutfalli við stofnstærð.</p> <p>Talningar á fengitíma gefa upplýsingar um aldurs og kynja samsetningu stofnsins. Törfum hefur verið að fjölga í stofninum síðustu ár og var tarfakvóti hækkaður á síðasta ári um 24 dýr. Talning á fengitíma 2005 var aðeins framkvæmd á syðri veiðisvæðunum (6, 7, 8, og 9) en gefur til kynna að enn megi lækka tarfa hlutfallið nokkuð í stofninum. Tarfa hlutfall kvótans er því hækkað úr 48% í 52% og gefur það 434 kýr og 476 tarfa.</p> <p>Skipting kvóta milli svæða færir einnig nokkuð til í samræmi við niðurstöður dreifingarathuganna sem gerðar voru fyrir og eftir veiðitíma. Einnig var kvóti lækkaður nokkuð á svæði 4 en þar fórust 20 hreindýr í snjóflóði síðasta vetur. Skiptingu hreindýrahaga á Austurlandi í ágangssvæði árið 2006 helst óbreytt frá 2005</p>		
<b>Lykilorð:</b> Kvóti, fengitími, ágangur, ágangssvæði.		<b>ISSN nr:</b>
<b>Yfirfarið:</b>		<b>ISBN nr:</b>

## Tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2006

Lagt fyrir fund Hreindýraráðs 22. nóvember 2005

### Rán Þórarinsdóttir

#### Útdráttur

Tillaga Náttúrustofu Austurlands um heildarveiðikvóta fyrir 2006 eru 909 dýr. Niðurstöður þessarar skýrslu byggja á ýmsum talningum sem gerðar hafa verið á síðustu tveimur árum (viðaukar I-V). Þessar talningar gefa til kynna að stofnstærðin sé að sníglast upp á við og verður líklega orðin um 4600 dýr næsta sumar. Undanfarin ár hefur stofninn verið milli 3000-4000 dýr og hefur kvótinn miðast við að halda þessari tölu. Undanfarin ár hefur árferði verið óvenju milt og virðist það hafa áhrif á dánartíðni og nýliðun í stofninum svo dýrunum hefur aðeins verið að fjölga. Heildar kvótinn í ár tekur mið af stærri stofni en er annars í sambærilegu hlutfalli við stofnstærð.

Talningar á fengitíma gefa upplýsingar um aldurs og kynja samsetningu stofnsins (viðauki IV). Törfum hefur verið að fjölga í stofninum síðustu ár og var tarfakvóti hækkaður á síðasta ári um 24 dýr. Talning á fengitíma 2005 var aðeins framkvæmd á syðri veiðisvæðunum (6, 7, 8, og 9) en gefur til kynna að enn megi lækka tarfa hlutfallið nokkuð í stofninum. Tarfa hlutfall kvótans er því hækkað úr 48% í 52% og gefur það 434 kýr og 476 tarfa.

Skipting kvóta milli svæða færast einnig nokkuð til í samræmi við niðurstöður dreifingarathuganna sem gerðar voru fyrir og eftir veiðitíma (Viðauki I, II og IV). Einnig var kvóti lækkaður nokkuð á svæði 4 en þar fórust 20 hreindýr í snjóflóði síðasta vetur. Skiptingu hreindýrahaga á Austurlandi í ágangssvæði árið 2006 helst óbreytt frá 2005

## Ágangssvæði

Náttúrustofa Austurlands telur engar forsendur til að breyta skiptingu ágangssvæða frá því sem var í fyrra. Þau eru eftirfarandi:

1. Vopnafjarðarhreppur
2. Jökuldalur auk Sellands, Blöndugerðis, Bótar, Flúða, Hlíðar, Heiðarsel og Skóghlíðar. Án Valþjófsstaðar- og Skriðuklausturslands sem liggur innan sveitarfélagsmarka Norður Héraðs.
3. Jökulsárhlíð utan við Selland
4. Hróarstunga utan við Flúðir, Bót, Hlíð, Skóghlíð, Heiðarsel og Blöndugerði
5. Fellahreppur
6. Fljótsdalshreppur auk lands Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs sem liggur í landi Norður Héraðs
7. Borgarfjarðarhreppur
8. Hjaltastaðapinghá
9. Eiðapinghá og bæir inn að Eyvindará (Þuríðarstaðir, Dalhús, Miðhús, Steinholt og Eyvindará)
10. Vellir og jarðir innan Eyvindarár (Egilsstaðir, Kollsstaðagerði og Kollsstaðir)
11. Skriðdalur
12. Seyðisfjörður og Mjóifjörður
13. Norðfjörður og Eskifjörður
14. Reyðarfjörður
15. Breiðdalshreppur
16. Djúpavogshreppur
17. Lón (gamli Bæjarhreppur)
18. Nes (gamli Nesjahreppur)
19. Mýrar og Suðursveit (gamli Mýrar- og Borgarhafnarhreppur)

## **Nánar um talningar og kvóta**

Vetrartalning 2005 tókst misvel milli svæða og hefur reynst erfið undanfarin ár vegna tíðarfars og slæmrar færðar. Sumartalning á Snæfellshjörðinni 2005 (Viðauki I) tókst hinsvegar vel. Einnig var talið á Suð-Austurlandi sumarið 2005 (Viðauki II) og aftur á fengitíma (Viðauki IV). Í síðarnefndri talningu voru einnig skoðuð sérstaklega svæði 6 og 7 og gefa þessar talningar ágætis mynd af dreifingu og fjölda dýra á þessum svæðum. Nokkuð góð gögn voru þegar til um fjölda dýra á svæði 3, 4 og 5 frá haustinu 2004 og vetrartalningunni 2005 (Viðauki IV og V). Með hjálp ofangreindra talninga, stofnstærðarútreikninga og upplýsinga um fjölda veiddra dýra var hægt að fá nokkuð góða mynd af væntanlegum fjölda dýra sumarið 2006 og eru tillögur Náttúrustofu Austurlands byggðar á þessum gögnum.

Tafla 1. Tillaga að kvóta fyrir veiðitímabilið 2006. Kvóta er skipt eftir veiðisvæðum og ágangssvæðum

Staðsetning	Kvóti			Kvóti 2005	
	Kýr	Tarfar	Alls	Kýr	Tarfar
Vopnafjarðarhreppur (1)	2	14	16	7	3
Jökuldalur N og Selland (2)	2	22	24	5	10
Jökulsárhlíð utan Sellands (2)	1	14	15	6	3
<b>Svæði 1</b>	<b>5</b>	<b>50</b>	<b>55</b>	<b>18</b>	<b>16</b>
Jökuldalur A (2)	80	63	143	44	52
Hróarstunga (4)	22	18	40	14	11
Fellahreppur (5)	36	28	64	22	21
Fljótisdalshreppur (6)	94	74	168	49	63
Vellir V (10)	11	9	20	8	5
Skriðdalur V (11)	8	7	15	7	3
Hjaltastaðþinghá (8)	14	11	25	12	4
Eiðþinghá (9)	11	9	20	9	3
<b>Svæði 2 2005</b>	<b>276</b>	<b>219</b>	<b>495</b>	<b>165</b>	<b>163</b>
Borgarfjarðarhreppur (7)	20	24	44	17	27
<b>Svæði 3</b>	<b>20</b>	<b>24</b>	<b>44</b>	<b>17</b>	<b>27</b>
Vellir A (10)	3	0	3	4	1
Mjóifjörður (12)	4	0	4	7	1
Seyðisfjörður (12)	12	0	12	19	3
<b>Svæði 4</b>	<b>19</b>	<b>0</b>	<b>19</b>	<b>30</b>	<b>5</b>
Reyðarfjörður (14)	4	6	10	4	7
Eskifjörður og Norðfjörður (13)	26	44	70	36	48
<b>Svæði 5</b>	<b>30</b>	<b>50</b>	<b>80</b>	<b>40</b>	<b>55</b>
Skriðdalur A (11)	6	21	27	15	21
Breiðdalshreppur (15)	5	17	22	11	17
<b>Svæði 6</b>	<b>11</b>	<b>38</b>	<b>49</b>	<b>26</b>	<b>38</b>
Djúpavogshreppur (16)	32	60	92	27	39
<b>Svæði 7</b>	<b>32</b>	<b>60</b>	<b>92</b>	<b>27</b>	<b>39</b>
Hornafjarðarbær(Lón) (17)	13	13	26	22	18
Hornafjarðarbær(Nes) (18)	7	7	14	11	9
<b>Svæði 8</b>	<b>20</b>	<b>20</b>	<b>40</b>	<b>33</b>	<b>27</b>
Hornafjarðarbær(Mýrar) (19)	17	11	28	52	7
Hornafjarðarbær (Suðursveit) (19)	4	3	7	0	15
<b>Svæði 9</b>	<b>21</b>	<b>14</b>	<b>35</b>	<b>52</b>	<b>22</b>
<b>Samtals kvóti</b>	<b>434</b>	<b>476</b>	<b>909</b>	<b>408</b>	<b>393</b>

## Nánari skoðun einstakra veiðisvæða

### Svæði 1, 2 og 6 (Snæfellshjörð)

Vetrartalning tókst ágætlega á svæði 1 og 6 og mjög góð gögn fengust um fjölda dýra á svæði 1 og 2 út frá sumartalningu. Hinsvegar er erfitt að spá fyrir um dreifingu dýra milli þessara þriggja svæða á veiðitíma og var hún nokkuð frábrugðin fyrri dreifingu á síðastliðnu veiðitímabili. Dýrin virðast ganga mjög lítið inni á Vesturöræfum, Eyjabökkum eða Múla og Hraunum eins og reyndar var í fyrra líka. Mjög lítið sást af kúm á svæði 6 á veiðitíma og hafa ekki fundist mörg dýr á þessu svæði síðustu ár. Lagt er til að kvótinn verði lækkaður nokkuð á þessu svæði eða um 15 dýr. Tarfarnir úr Kringilsárrana komu yfir Kringilsá snemma á veiðitímanum og héldu sig að miklu leiti norðan við Jöklu. Því var stór hluti tarfakvótans veiddur á svæði 1 í ár en það er breyting frá því sem verið hefur. Kynjahlutfall í kvóta á þessum svæðum gengur út frá því að tarfarnir í Kringilsárrana séu komnir út af griðarsvæði sínu á veiðitíma og hefur veiðialagið verið mikið á öðrum törfum þegar þessir láta sig vanta. Í sumar taldist á Snæfellsöræfum, Fljótsdalsheiði og norðan Jöklu 2481 dýr. Tarfana vantar að hluta í þessum talningum og er því líklega heildarfjöldi dýra á þessu svæði nokkuð meiri. Þetta er fjölgun frá því sem verið hefur síðustu ár og var kvótinn hækkaður þó nokkuð til að stöðva þá þróun en ástæða er til að ætla að Snæfellsöræfi og Fljótsdalsheiði þoli ekki mikið aukið beitarálag.

### Svæði 3

Þetta svæði var seinast talið haustið 2004 og tóskt sú talning ágætlega. Auk þeirrar talningar liggja fyrir gögn frá landeigendum og veiðileiðsögumönnum um séða hópa og er kvótinn óbreyttur frá í fyrra. Miðað er við að halda sama fjölda og verið hefur á þessu svæði. Þéttleiki dýra er hinsvegar ekki mikill og athuga mætti hvort þetta svæði beri ekki nokkra fjölgun dýra.

### Svæði 4

Kvóti á svæði 4 hefur verið nokkuð hár síðustu ár. Dýrin hafa hinsvegar dreift sér um stærra svæði og nýta nú Mjóafjörð auk Seyðisfjarðar. Kvóti síðasta árs miðaði að því að viðhalda fjölda dýra þrátt fyrir það og var kvóti lækkaður nokkuð frá því sem áður var. Í vetur fórust síðan 20 dýr í snjóflóði og bætist sú fækkun við veiddan kvóta 2005. Í samræmi við það og aukna útbreiðslu dýranna á svæðinu leggur NA til að kvótinn verði lækkaður töluvert frá því

sem var á síðasta ári. Enn er tarfahlutfall mjög lágt á þessu svæði og er lagt til að þeir fái frið næsta sumar til að stækka og fjölga lítillega.

#### Svæði 5

Í vetrartalningunni 2005 fundust á þessu svæði 276 dýr og var vitað um allavega önnur 30. Dýrin á þessu svæði eru því eitthvað á fjórða hundrað. Þó verður að hafa í huga að stór hluti þessara dýra eru tarfar og nýliðunin því ekki í samræmi við fjölda. Kvóti í fyrra var hækkaður nokkuð til að ná niður tarfahlutfalli en er lækkaður aðeins aftur í ár til að vega upp á móti lágri nýliðun. Tarfahlutfall er enn allt of hátt og endurspeglast það í áframhaldsandi háum tarfakvóta.

#### Svæði 7

Mjög mikið var af dýrum á svæði 7 á veiðitíma 2005. Mun ver gekk að finna dýr á svæðunum sitt hvoru megin við, eða á svæði 6 og 8. Því verður gerð tilraun til að færa kvótan aðeins til milli svæða árið 2006 í von um að það endurspegli dreifingu dýra á veiðitíma. Kvóti á svæði 7 hefur verið hækkaður um 26 dýr og á kostnað tarfa en þeir eru enn hlutfalslega margir á þessum svæðum.

#### Svæði 8

Á fengitíma 2005 fannst og fréttist af 214 dýrum á þessu svæði. Vel er hugsanlegt að ekki hafi öll dýrin fundist í þessari talningu en upplýsingar frá veiðileiðsögumönnum gáfu til kynna að færri dýr hefðu sést í ár en oft áður. Í samræmi við mikla aukningu dýra á svæði 7 verður því lækkaður kvóti (um 20 dýr) á svæði átta.

#### Svæði 9

Einungis fundust og fréttist af 120 dýrum á svæði 9 í haust og í sumartalningum 2005. Í haustalningu sem gerð var 2004 voru þau aðeins 82. Ef þetta endurspeglar raunverulegan fjölda er um töluverða fækkun að ræða á þessu svæði. Lagt er til að kvótinn verði lækkaður um 39 dýr og jafnframt að vel verði fylgst með þessu svæði á næstu árum. Miðast þessi kvóti við að engin veruleg breyting verði á stofnstærð frá því sem nú er. Talið hefur verið æskilegt að halda fjölda dýra niðri á þessu svæði til að draga úr hættu á að dýr fari yfir sauðfjárveikivarnarlínuna við Jökulsá á Breiðamerkursandi.



## Sumartalning á Snæfellshjörðinni 2005

Rán Þórarinsdóttir

Sumartalningin 2005 var gerð úr flugi þriðjudaginn 28. júní. Flogið var yfir Snæfellsöræfi (Vesturöræfi, Eyjabakka Múla og Hraun) Kringilsárrana út að Ánavatni og Fljótsdalsheiði út fyrir Hengifossarvatn. Flugmenn voru Halldór Bergsson og Stefán Scheving en um talningu sáu Rán Þórarinsdóttir og Sveinn Ingimarsson.

Tafla 1. Niðurstöður flugtalningar á Snæfellsöræfum og Fljótsdalsheiði 28. júní 2005.

<b>Vesturöræfi</b>				
<b>Staðsetning</b>	<b>Kýr</b>	<b>Kálfar</b>	<b>Tarfar</b>	<b>Samtals</b>
Norð austan við Sauðahnjúk 1)	88	50	1 vetrungur	
Norð austan við Sauðahnjúk 2)	43	37	0	
Norð austan við Sauðahnjúk 3)	0	0	3	
Sunnan við Fitjahnjúk	69	44	0	
Sunnan Sauðakofa	0	0	27	
<b>Samtals</b>	<b>200</b>	<b>131</b>	<b>31</b>	<b>362</b>
<b>Kringilsárrani og Sauðafell</b>				
<b>Staðsetning</b>	<b>Kýr</b>	<b>Kálfar</b>	<b>Tarfar</b>	<b>Samtals</b>
Innan við Hrauka	85	51	0	
Utan við Hrauka 1)	0	0	14 full	
Utan við Hrauka 2)	0	0	3full	
Utan við Hrauka 3)	0	0	10 full	
N Sandfells við Sauða	0	0	31 ungir	
V Sauðárdalsstíflu	0	0	5	
<b>Samtals</b>	<b>85</b>	<b>51</b>	<b>63</b>	<b>199</b>

## Viðauki I frh.

### Fljótdalsheiði

Staðsetning	Kýr	Kálfar	Tarfar	Samtals
A við Þrælaháls	675	364	0	
NA við Þrælaháls	36	26	0	
Við Þórisstaðahvísl	0	0	17 (þ.a. 2 full)	
Við Þórisstaðahvísl	22	8	1 vetrungur	
Utanvið Þórisstaðahvísl	0	0	53	
Við Kofaöldu	22	6	0	
Innan og A við Þrælaháls	36	25	0	
Utan við Langavatn	59	46	0	
Utan við Hafursfell	93	53	0	
Við Eyrarselsvatn	0	0	2	
Afleggjari í Rana 1)	0	0	36	
Afleggjari í Rana 2)	0	0	32	
Við Lambakíl innan Vegufsar	0	0	12 (þ.a. 2 full)	
A við Ytra Bessastaðavatns 1)	0	0	8 full	
A við Ytra Bessastaðavatn 2)	0	0	23	
A við Ytra Bessastaðavatn 3)	0	0	11	
A við Ytra Bessastaðavatn 4)	0	0	31 (þ.a. 6 full)	
A við Ytra Bessastaðavatn 5)	0	0	17	
<b>Samtals</b>	<b>943</b>	<b>528</b>	<b>243</b>	<b>1724</b>

### Undir Fellum og á Múla

Staðsetning	Kýr	Kálfar	Tarfar	Samtals
Þóriseyjar	94	40	26	
Múli N Geldingafells	1	1	0	
Við Fremri Berghvísl á Múla	30	14	0	
<b>Samtals</b>	<b>125</b>	<b>55</b>	<b>26</b>	<b>106</b>

<b>Samtals af öllum svæðum</b>	<b>1353♀</b>	<b>765c</b>	<b>363♂</b>	<b>2481</b>
<b>Hlutföll af heildarstofni</b>	<b>55%</b>	<b>30%</b>	<b>15%</b>	

## Sumartalning á suðaustur landi 2005

Rán Þórarinsdóttir

Á svæði 9 fundust 68 fullorðin dýr (5 tarfar) og 34 kálfar. Auk þessara dýra var vitað um 24 tarfa á svæði 9 sem ekki fundust í fluginu þrátt fyrir nokkra leit. Þetta gerir 126 dýr á svæði 9 og er hugsanlegt að þau hafi ekki verið mikið fleiri. Alls fundust 70 fullorðin dýr (þ.a 30 tarfar) og 23 kálfar á svæði 8. Vitað var um 8 tarfa til viðbótar sem ekki fundust í talningunni. Þetta gerir 101 dýr á svæði 8 sem er allt of lág tala. Allt í allt gerir þetta 227 dýr.

Af ofangreindu má vera ljóst að dýr hafa yfirsést í talningunni. Þó má efast um að yfirsjónin hafi verið meiri en 100% og því spurning hvort mun færri dýr hafi ekki verið á þessu svæði nú en í byrjun júlí í fyrra. Á veiðitíma fréttist fljótt av 50 dýrum á Hoffeldal, 30 dýrum á Skyndidal og 50 dýr í Hvaldalsvarpi. Auk hópsins sem sást í talningunni í Víðidal gerir þetta 165 dýr.

Tafla 1. Niðurstöður talninga á svæði 8 og 9 í júlí 2005.

Staðsetning	Kýr	Kálfar	Tarfar	Samtals
<b>Svæði 8</b>				
Víðidalur Ytri Sandhólar	22	13		35
Laxárdalur í Lóni Austan Seltinds	18	10	7	28
Skálatindar			3	3
Krossanesfjall			1	1
Sunnan Snjótinds			1	1
Norðan Snjótinds			2	2
Hvítamelsbotn			8	8
Bæjarafrétt Austan Meingils			5	5
Bæjarafrétt Utna Jökuldalstinda			3	3
Samtals af svæði 8	40	23	30	93

## Viðauki II frh

<b>Svæði 9</b>	<b>Kýr</b>	<b>Kálfar</b>	<b>Tarfar</b>	<b>Samtals</b>
Staðardalur	18	13	4	35
Vestan í Hafrafelli	3	3		6
Geitakinn			1	1
Austan Hálsatinds	36	15		51
Sandmerkisheiði	6	3		9
<b>Samtals af svæði 9</b>	<b>63</b>	<b>34</b>	<b>5</b>	<b>102</b>
<b>Samtals af öllu svæðinu</b>	<b>103</b>	<b>57</b>	<b>35</b>	<b>195</b>

## Viðauki III

Tafla 1. Tillaga Náttúrustofu Austurlands um hreindýraveiðikvóta 2005.

Staðsetning	Kvóti			Breyting frá 2004	
	Kýr	Tarfar	Alls	kýr	Tarfar
Vopnafjarðarhreppur (1)	7	3	10		
Jökuldalur N og Selland (2)	5	10	15		
Jökulsárhlíð utan Sellands (2)	6	3	9		
<b>Svæði 1</b>	<b>18</b>	<b>16</b>	<b>34</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Jökuldalur A (2)	44	52	93		
Hróarstunga (4)	14	11	24		
Fellahreppur (5)	22	21	42		
Fljótsdalshreppur (6)	49	63	108		
Vellir V (10)	8	5	13		
Skriðdalur V (11)	7	3	10		
Hjaltastaðapinghá (8)	12	4	16		
Eiðapinghá (9)	9	3	12		
<b>Svæði 2</b>	<b>165</b>	<b>163</b>	<b>328</b>	<b>0</b>	<b>10</b>
Borgarfjarðarhreppur (7)	17	27	44		
<b>Svæði 3</b>	<b>17</b>	<b>27</b>	<b>44</b>	<b>-5</b>	<b>9</b>
Vellir A (10)	4	1	5		
Mjóifjörður (12)	7	1	8		
Seyðisfjörður (12)	19	3	22		
<b>Svæði 4</b>	<b>30</b>	<b>5</b>	<b>35</b>	<b>-11</b>	<b>-23</b>
Reyðarfjörður (14)	4	7	11		
Eskifjörður og Norðfjörður (13)	36	48	84		
<b>Svæði 5</b>	<b>40</b>	<b>55</b>	<b>95</b>	<b>-4</b>	<b>9</b>
Skriðdalur A (11)	15	21	36		
Breiðdalshreppur (15)	11	17	28		
<b>Svæði 6</b>	<b>26</b>	<b>38</b>	<b>64</b>	<b>-6</b>	<b>6</b>
Djúpavogshreppur (16)	27	39	66		
<b>Svæði 7</b>	<b>27</b>	<b>39</b>	<b>66</b>	<b>-3</b>	<b>9</b>
Hornafjarðarbær(Lón) (17)	22	18	40		
Hornafjarðarbær(Nes) (18)	11	9	20		
<b>Svæði 8</b>	<b>33</b>	<b>27</b>	<b>60</b>	<b>3</b>	<b>-3</b>
Hornafjarðarbær(Mýrar) (19)	52	7	59		
Hornafjarðarbær (Suðursveit) (19)		15	15		
<b>Svæði 9</b>	<b>52</b>	<b>22</b>	<b>74</b>	<b>2</b>	<b>7</b>
<b>Samtals kvóti</b>	<b>408</b>	<b>392</b>	<b>800</b>	<b>-24</b>	<b>24</b>

## Viðauki IV

Tafla 4 Fengtímatalning hreindýra á hluta svæðis 2, talið 1. – 7. október 2005. Dýrin eru greind til kyns og aldurs.

Svæði	Staðsetning	kýr	kálfur	1v	2v	3v+	ógr.	samtals
2	Múli Austurhlíðar Efst að hverfa yfir hæðina	7	5	0	0	0	0	<b>12</b>
2	Múli Austurhlíðar	0	0	0	0	7	56	<b>63</b>
2	Múli Austurhlíðar	0	0	0	0	1	5	<b>6</b>
2	Múli Austurhlíðar	10	5	0	0	5	14	<b>33</b>
2	Múli Austurhlíðar Niðri við girðingu	2	1	1	0	1	1	<b>6</b>
2	Múli Austurhlíðar	0	0	0	0	0	5	<b>5</b>
2	Múli Austurhlíðar	6	4	1	1	1	1	<b>14</b>
2	Kiðufell Séð af Flatarheiði	0	0	0	0	0	28	<b>28</b>
	<b>Svæði 2</b>	<b>25</b>	<b>15</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>15</b>	<b>110</b>	<b>167</b>

## Viðauki IV frh

Tafla 5 Fengtímatatalning hreindýra á svæði 7, talið 1. – 7. október 2005. Dýrin eru greind til kyns og aldurs.

Svæði	Staðsetning	kýr	kálfur	1v	2v	3v+	ógr.	samts
7	Hamarsdalur Veturhúsadalur						60	<b>60</b>
7	Hamarsdalur Bót	1	1	0	0	1	0	<b>3</b>
7	Stakir tarfa dreifðir upp af Hamarsdal	0	0	0	5	5	0	<b>10</b>
7	Brattháls Lönguhlíð	0	0	0	0	0	60	<b>60</b>
7	Hamarsdalur Veturhús	0	0	0	0	7	23	<b>30</b>
7	Undir Hvannavallahjalla	7	4	3	2	2	1	<b>19</b>
7	Undir Hvannavallahjalla	9	4	2	3	4	0	<b>22</b>
7	Undir Hvannavallahjalla	1	2	0	0	1	0	<b>4</b>
7	Hvannavellir	10	12	0	1	2	0	<b>25</b>
7	Vestan Hvannavalla. Fyrir austan á	35	20	8	9	9	9	<b>90</b>
7	Vestan við Slóðina á Hvannavallahjalla	10	4	0	0	3	12	<b>29</b>
7	Vestan við Slóðina á Hvannavallahjalla	0	0	0	0	0	15	<b>15</b>
7	Starmýrardalur (5 km inn á dal Sunnan megin. Utan við gilið)	0	2	0	0	3	5	<b>10</b>
7	Starmýrardalur (utar og ofar)	0	0	0	0	2	0	<b>2</b>
7	Starmýrardalur (neðar á hlaupum undan smölum)	0	0	0	0	2	0	<b>2</b>
7	Lónsheiði vestan við Hvaldalsvarp	25	12	3	5	6	0	<b>51</b>
7	Lónsheiði 1 km S Rjúpnadalsár V Heiðarár.	1	0	0	0	1	0	<b>2</b>
7	Lónsheiði NV við Snjótind.	11	5	0	0	2	0	<b>18</b>
7	Lónsheiði Skerpugil (alveg efst).	0	0	0	0	0	15	<b>15</b>
7	Starmýradal	0	0	0	0	0	50	<b>50</b>
7	Þakeyri rétt utan við Djúpavog.	1	1	0	0	0	0	<b>2</b>
	<b>Svæði 7</b>	<b>111</b>	<b>67</b>	<b>16</b>	<b>25</b>	<b>50</b>	<b>250</b>	<b>519</b>

## Viðauki IV frh

Tafla 6 Fengtímatalning hreindýra á svæði 8 og 9, talið 1. – 7. október 2005. Dýrin eru greind til kyns og aldurs.

Svæði	Staðsetning	kýr	kálfur	1v	2v	3v+	ógr.	samtals
8	Kjarrdalsheiði-Tæpitungur	2	1	0	0	0	0	2
8	Kjarrdalsheiði-Hellisskógar	10	12	1	2	1	2	28
8	Norðurlambatungur niður við á.(Norðan Lambatunguár)	0	0	0	0	4	33	37
8	Laxárdalur í Nesjum.(Yst í Fossdal)	5	6	3	3	3	0	20
8	Laxárdalur í Nesjum.(Innaf Fálkagili)	1	0	0	1	0	0	2
8	Hoffelsdalur	2	2	1	2	1	0	8
8	Skyndidalur Skyndidalsmúli	0	0	0	0	0	32	32
8	Skyndidalur Vestan ár	0	0	0	0	0	40	40
8	Skyndidalur Vestan ár	0	0	0	0	0	45	45
<b>Svæði 8</b>		<b>20</b>	<b>21</b>	<b>5</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>152</b>	<b>214</b>
9	Kálfafellsdal (Dalbotn)	8	4			4	0	16
9	Flatey (vestast í girðingunni)	7	18	0	0	3	0	28
9	Flatey (vestast í girðingunni)	35	8	3	2	7	2	57
9	Heinabergsaurar – rétt utan við Heinabergsdal	0	0	1	0	0	0	1
9	Heinabergsdalur	3	2	2	1	1	3	12
<b>Svæði 9</b>		<b>53</b>	<b>32</b>	<b>6</b>	<b>3</b>	<b>15</b>	<b>5</b>	<b>114</b>
<b>Öll svæði</b>		<b>208</b>	<b>134</b>	<b>29</b>	<b>32</b>	<b>76</b>	<b>359</b>	<b>1016</b>



## Vetrartalning 2005

Rán Þórarinsdóttir

Vetrartalningin í ár fór fram á tímabilinu 28. mars til 5. apríl. Samtals fundust 2143 dýr sem er rúmur helmingur stofnsins. Dreifing dýranna er með svipuðu móti nú og undanfarin ár þ.e. á flestum svæðum eru þau hátt uppi, dreifð og á töluverðu flakki. Víða var jörð auð og þíð og því ekki hægt að komast um utan vega. Þrátt fyrir þessar aðstæður tókst talning þokkalega og niðurstöðurnar gefa góða hugmynd um dreifingu dýra á þessum tíma á flestum svæðum. Óvíða gefur vetrartalning núorðið hugmynd um heildarfjölda dýra á svæðinu.

**Tafla 1** Niðurstöður vetrartalningar 2002, 2003 og 2005. Talning tókst ekki árið 2004 vegna tíðarfars. Veiðisvæðin eru skipt niður í minni talningarsvæði sem aðgreind eru með gömlum hreppamörkum eins og undangengin ár.

Talningarsvæði	2002	2003	2005
Vopnafjarðarhreppur	56	0	3
Fljótsdalshreppur	853	0	321
Jökuldalshreppur	600	265	634
Fellahreppur	84	13	10
Hróarstunga	13	76	47
Jökulsárhlíð	35	88	23
Hjaltastaðapinghá	56	31	2
Borgarfjarðarhreppur	70	0	53
Seyðisfjarðarhreppur	144	17	0
Skriðdalur	45	90	22
Vellir	102	0	0
Egilsstaðir	0	0	0
Eiðapinghá	74	24	15
Mjóafjarðarhreppur	3	0	102
Eskifj/Norðfjörður	186	228	269

Reyðarfjörður	62	71	7
Fáskrúðsfj.hreppur	0	0	0
Stöðvarhreppur	0	0	0
Breiðdalshreppur	15	0	22
Beruneshreppur	36	201	55
Búlandshreppur	11	7	1
Geithellnahreppur	257	175	346
Lón	162	190	110
Nes	76	-	50
Mýrar	56	-	36
Suðursveit	55	-	15
<b>Samtals</b>	<b>3051</b>	<b>1476</b>	<b>2143</b>

Vegna erfiðs tíðarfars og færðar var misjafnt hve stór hluti talningarsvæðanna var yfirfarin. Ef skoðað er hvert veiðisvæði fyrir sig fæst í grófum dráttum hugmynd af þekjun hvers svæðis.

### Svæði 1

Lítið var farið um hálendi Vopnafjarðarhrepps en líklegustu staðir athugaðir og talað við menn sem farið höfðu um heiðarnar. Sama og ekkert fannst af dýrum og lítið af ummerkjum eftir þau. Mörg dýr höfðu sést í landi Háreksstaða fyrr um veturinn en líklegt að það hafi verið dýrin sem talin voru við Ánavatn (137 dýr). Óvíst er að um mikið fleiri dýr hafi verið að ræða á þessu svæði.

Um Jökuldalsheiðina var vel fært og það svæði yfirfarið eins og venjulega. Sama á við um Jökuldalinn. Auk dýranna við Ánavatn voru um 200 dýr í Hákonarstaðarfjalli og eins var 70 dýra hópur í brúnum inn og upp af Grund. Jökulsárhlíð var talin eins og venjulega en það svæði er allt talið frá vegi. Í heildina voru 529 dýr norðan við Jöklu og er líklegt að ekki hafi vantað mörg dýr inn í talningu á svæði 1.

### Svæði 2

Fljótsdalsheiðin var illa fær Jökuldalsmegin. Var því ekki farið um það svæði og einungis talið það sem sást frá vegi á Jökuldalnum. Um 105 dýr sáust austan Jöklu en mun fleiri dýr sáust þar fyrr í vetur. Í nóvember voru um 300 dýr við Merki og önnur 150 við Klaustursel.

Á Fljótsdalsheiði norðan Miðheiðar gætu vel hafa verið um 500 dýr sem ekki komu fram í talningunni.

Austurhluti heiðarinnar er greiðfærari og tókst að fara um þau svæði sem þurfti til að talning teljist fullgild. Lítið hafði frést af dýrum í byggð á svæði 2 og líklegt að þau hafi flest öll verið í heiðinni enda lengst af nær snjólaust þar í vetur. Dýrin voru nokkuð dreifð um heiðina, flest 89 við Kristínarkífl.

Hróarstungan var illfær utan vegar og er hún mjög leynótt. Vel líklegt er að þar hafi leynst eitthvað af dýrum en þó varla mörg. Fellin voru talin á láglandi en ekki farin nema lítill hluti Fellaheiðar. Þar gæti hafa verið eitthvað af dýrum. Mjög lítið sást af dýrum í Eiðapínghá og Hjaltastaðapínghá austan við Fljót, var það svæði þó víðast nokkuð vel skoðað. Eitthvað gæti hafa leynst á Gilsárdal eða í fjallendinu þar norður af en af Gilsárdal komu 35 dýr í lok febrúar og höfðust við á túnum í Gilsárteigi. Kýr og kálfar hurfu fljótlega en tarfar urðu eftir.

### **Svæði 3**

Ekki var farið í Víkurnar eða Loðmundarfjörð en þar hafa líklega verið einhver dýr. Í byggð var einungis ein hjörð (53 dýr) sem var í landi Grundar. Þangað komu á annað hundruð dýr í október. Farið var í Loðmundarfjörð í janúar en þá fannst ekki nema eitt dýr.

### **Svæði 4**

Engin dýr fundust í Seyðisfirði og reyndust þau öll vera Mjóafjarðarmegin (55 dýr í Skógadal og 47 dýr undir Lokatindi). Á Svínadal fundust 7 tarfar.

### **Svæði 5**

Talning tókst nokkuð vel. Þó var ekki farið í Sandvík eða yst á Barðsnes og sumstaðar voru fjöll leiðinlega flekkótt. Í febrúar höfðu sést allavega 180 dýr við Karlsstaði sem er um 30 dýra viðbót við þau 269 dýr sem sáust á talningartíma. Hjörðin sem undanfarin ár hefur haldið til í gamla Reyðarfjarðarhreppnum var núna að mestu leyti upp af Eskifirði (110 dýr) í Þverárdal og Lambeyrardal. Fyrr í vetur (janúar og febrúar) voru 98 dýr á Fagradalnum sem líklega er hluti þessarar hjarðar. Þá voru í henni 34 kýr og 33 vetrungar auk tarfa.

### **Svæði 6**

Upp úr Skriðdal var farið á sleðum en annars var að mestu talið frá vegi. Aðeins var kíkt inn í Fossárdal á sleða en óvenju lítið fannst af dýrum á þessu svæði. Um 200-400 dýr höfðu sést á Öxi í febrúar og komu þau dýr hvergi fram í talningum nema ef hugsanlega eru með talin um 55 dýr sem sáust sunnan við Merkjahrygg og á því svæði. Þessi dýr gætu hafa verið í

Hamarsdalsdrögum sem ekki voru farin og víst er að í maí voru um 400 dýr á Múla (kýr og vetrungar) og inná Hraunum.

### **Svæði 7**

Ekki var farið eins innarlega í Geithellnahreppi og áður en tölur svipaðar því sem verið hefur undanfarin ár. Stærstu hóparnir voru 63 dýr við Flugustaði og 85 eða fleiri dýr við Hof. Annars var svæðið að mestu talið frá vegi.

### **Svæði 8**

Lón var talið eins og venjulega.

Upplýsingar vantar fyrir innri hluta Nesja en auk þeirra dýra sem fram komu í talningunni var vitað um 40 dýr á Svínafellsaurum 11. mars og önnur 43 dýr á aurunum austan Hornafjarðarfljóts 4. apríl sem líklega komu vestan að, yfir fljótið.

Í Nesjum töldust 246 dýr í júlí 2004 og 327 dýr í Lóni svo hér vantar töluvert af dýrum.

### **Svæði 9**

Einungis var talið frá þjóðvegi og ekki frétt af fleiri dýrum en þessum 15 törfum sem voru við Steinavötn.

## NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: [na@na.is](mailto:na@na.is)  
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 og 471-2774 • Netfang: [ran@na.is](mailto:ran@na.is)